



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/409
komudagur 27.11.2013

27. nóvember 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983, með síðari breytingum (eigendastefna), 16. mál.

Skv. frumvarpinu verða sett í lög ákvæði þess efnis að samin verði eigendastefna ríkisins vegna eignarhalds þess á Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að ráðherra leggi á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um eigendastefnu fyrir Landsvirkjun, í fyrsta skipti á haustþingi 2014.

Frumvarpið snýr að einu fyrirtæki, sem er aðili að Samorku en starfar á samkeppnismarkaði. Að mati Samorku er því almennt séð tæplega við hæfi að samtökin setji fram sterk sjónarmið í slíku máli. Hins vegar hafa stjórn og stjórnendur Landsvirkjunar á undanförunum árum kallað eftir því að slík eigendastefna verði skilgreind. Skýr skilaboð um markmið, stefnu og helstu áherslur í rekstri frá eigendum fyrirtækisins myndu hafa jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins og starfsumhverfi stjórnenda þess.

Samorka styður því að frumvarpið verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri